

Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 7. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

7. gr.

Undirbúningur fimleikaþings

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn FSÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir þingsetningu um þær lagabreytingar, tillögur og málefni sem þau óska eftir að verði tekin fyrir á fimleikaþingi.

...

Verði

7. gr.

Undirbúningur fimleikaþings

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn FSÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir þingsetningu um þær lagabreytingar, tillögur og málefni sem þau óska eftir að verði tekin fyrir á fimleikaþingi.

Stjórn skal fela laga- og reglunefnd að yfirfara tillögur og kanna hvort þær samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum sambandsins. Veita skal þeim sem leggur fram tillöguna tækifæri til að lagfæra hana, samræmist hún ekki lögum eða reglugerðum FSÍ. Þá skal laga- og reglunefnd FSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan FSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

...

Greinargerð:

Málgreininni er bætt inn til að tryggja sem réttlátasta meðferð tillaga, starfsemi þingsins gangi eins hratt og örugglega fyrir sig eins og kostur er og að lögð sé fram tillaga sem tekur tillit til allra þeirra laga og reglugerða sem sambandið starfar eftir.

Sent til:

Laganefndar

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

_____nefndar